

MENNING

Bókmenntir | Skáld mánaðarins í Þjóðmenningarhúsinu

Skáldskapur Hallgríms Péturssonar

„TRÚARLEGUR kveðskapur Hallgríms rímar vel við páskahátíðina og einnig er væntanlegt þriðja bindið í ritröð Árnastofnunar um verk Hallgríms Péturssonar,“ segir Jóhanna Bergmann, sérfræðingur við Þjóðmenningarhúsið, en Hallgrímur Pétursson er Skáld mánaðarins í Þjóðmenningarhúsinu og verður opnuð sýning um skáldskap hans og ævi í dag.

„Á sýningunni fæst innsýn í verk Hallgríms og útgáfur á þeim og þann innblástur sem þau veita öðrum listamönnum, ekki síst í nútímanum. Drepið er á æviatriði Hallgríms og staldrað við atburði sem marka hvörf í hans ferli.

Ævi Hallgríms var um margt óvenjuleg og vörðud órlagaríkm atburðum og kynnum. Hann fylgdi ekki forskrift 17. aldar um hefðbundinn menntaveg og gott embætti þrátt fyrir að hafa átt þess kost. Þvert á móti lætur Hallgrímur stjórna af eigin hvötum, hleypir heimdraganum og fer utan ungur maður og kvænist loks ástinni sinni, henni Guðríði Símonardóttur, konu sem kynnst hafði ánaudug framandi menningu í Álsír,“ segir Jóhanna Bergmann.

Við opnun sýningarinnar flytur Margrét Eggertsdóttir, fræðimaður hjá Stofnun Árna Magnússonar, ávarp um Hallgrím Pétursson og Magnea Tómasdóttir söngkona og Guðmundur Sigurðsson organisti flytja Passúsálma í útsetningu Smára Ólasonar tónlistarfræðings. Allir eru velkomnir að vera við opnun sýningarinnar.

Skáld mánaðarins er samvinnuverkefni Þjóðmenningarhússins, Stofnunar Árna Magnússonar, sem setur sýninguna upp í bókasal, Landsbókasafns – Háskólabókasafns sem lánar bækur og handrit, Stofnunar Gunnars Gunnarssonar, sem



Morgunblaðið/Porkell
Margrét Eggertsdóttir og Philip Ruughton með höggmynd Páls Guðmundssonar frá Húsafelli af Hallgrími Péturssyni. Gerðarsafn lánaði verkið.

setur upp sýningu og efnir til viðburða að Skriðuklaustri, og Skólavefjarins ehf. sem opnar veggátt um skáldið á slóðinni www.skolavefur.is.

„Sérfræðingar Árnastofnunar vinna nú að mjög ítarlegri og fræðilegri ritröð um öll verk Hallgríms Péturssonar sem í munu vera átta bindi en nú þegar eru komin út tvö bindi. Þriðja bindið er væntanlegt um þessar mundir,“ segir Jóhanna.

Við opnunina verður eiginhandarrit Hallgríms af Passúsálmunum til sýnis en af öryggisástæðum verður það síðan fjarlægð og eftirgerð höfð á sýningunni.

„Þá verður líka sýnd eftirgerð eina málverksins sem til er af Hallgrími og varðveitt er á Þjóðminjasafninu. Þá verða til sýnis fjölmörg handrit og útgáfur af verkum Hallgríms sem eru orðnar mjög margar og fjölbreyttar. Þá verða sýndir geisladiskar með tónlist sem samin

hefur verið við skáldskap hans og hægt að hlusta á tónlistina og svo er veggátt Skólavefjarins aðgengileg á sýningunni þar sem alls kyns upplýsingar um skáldið er að finna.

Einnig verður sýnd frumgerð listaverks eftir Barböru Árnason en hún myndskreytti eina hátíðarútgáfu af Passúsálmunum og höggmynd Páls Guðmundssonar í Húsafelli en hann hjó Hallgrím í stein. Af öðru sem nefna má af sýningunni er legsteinn sem Hallgrímur gerði eftir Steinunni dóttur sína og var týndur í tvær aldir en fannst aftur 1964 í Hvalsnesi. Hann tók dauða hennar mjög sárt og það er vítað að skáldskapur hans breyttist eftir þetta og varð trúarlegri en fram að því,“ segir Jóhanna Bergmann.

Sýningin stendur til 31. maí nk. og verður efnt til ýmissa viðburða í tengslum við hana. Sýningar í Þjóðmenningarhúsinu eru opnar alla daga vikunnar frá kl. 11 til 17.

Framandlegur myndheimur

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur
– Hafnarhúsið

Brynhildur Þorgeirsdóttir
Opíó alla daga frá 10–17.
Sýningu lýkur 24. apríl.

PEIR sem ekki héldu vatni yfir sýningu Ólafs Elíassonar, „Frost Activity“, sem var í A-sal Hafnarhússins í fyrra, ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum með sýningu Brynhildar Þorgeirsdóttur, Myndheimur, í sama sal. Virkar hún sem andhverfa sýningar Ólafs. Í stað þess að hækka salinn með speglum dregur Brynhildur hann saman með svörtu tau og gríðarlegum steypuklumpum sem hún raðar utan um súlur í salnum. Í stað léttleika „Frost activity“ er rýmið því þungt og myrkt og gestir verða þátttakendur í framandi hugarheimi en ekki sjónarspili eins og því sem Ólafur skapaði.

Hugarheimur, eða réttar sagt myndheimur Brynhildar Þorgeirsdóttur, er á margan hátt súrrealískur. Einhver afmynduð furðukvíkendi sem búa djúpt í sjávarbotni eða í dimmum helli á annarri plánetu. Sum þeirra sýnast sleppuleg skriðdýr sem gætu stökkið á mann og sogað úr manni allt blóð eða merg eða kannski verpt inn í mann eggjum. Það er jafnframt eitthvað við þessi fallísku form í bland við opin belglaða form með rauðlituðu gleri innanborðs sem er furðulega kynferðislegt, líkt og þegar Alien og Predator stönsuðu og stöðu hvor á annan í miðju einvigi í nýlegri samnefndri kvikmynd. En andlits-



Morgunblaðið/Ómar

Myndheimur Brynhildar Þorgeirsdóttur í porti Hafnarhússins.

fall þess fyrrnefnda er nefnilega fallískt og andliti þess síðarnefnda svipar til ...

Brynhildur hefur löngum sagst vera bara gamaldags styttingararkona og kvað svo einmitt síðast í viðtali við Gylfa Gíslason í sjónvarpinu fyrir skömmu. Ég verð nú að jata að mér hefur oft þótt Brynhildur vera skemmtilega á mörkum listmunagerðar og skulptúrs. Hér er þó mikið meira en bara styttingararkona. Nær Brynhildur að skapa furðulegum einstaklingum sínum sannfærandi heimili með dúndrandi rýmisinnsetningu. Það léttir svo allverulega yfir þeim hluta sýningarinnar sem er í porti Hafnarhússins þar sem rýmið er opið og

landslag, þ.e. náttúruöflin, jörð, eldur og vatn, spila mikilvæga rullu. Það breytir því þó ekki að fyrirmyndirnar sýnist áfram sóttar til framandlegs heims. Er meðvitund og þekking listakonunnar á samspili ólíks efnis í háum klassa og formfræðin annarleg en skemmtileg og höfðar til líkamlegra kennda og ímyndunarafslangtum fremur en rökhugsunar. Minnir listakonnan rækilega á sig með þessari sýningu og að hún sé svo sannarlega í framlinu myndhöggvara á Íslandi. Metnaðurinn til fyrirmyndar og ekki hægt að segja annað en að listakonnan hafi gengið alla leið með myndheim sinn.

Jón B.K. Ransu

KROSSINN

IRIS

Útgáfutónleikar

#19. mars

Í tilefni af útgáfu disksins „Iris“ verða útgáfutónleikar í Krossinum, Hlíðasmára 5-7 í Kópavogi á morgun 19. mars kl. 21:00.

Aðgangur er ókeypis

Samkomur í Krossinum eru:
Sunnudaga kl. 16:30: Almenn samkoma
Þriðjudaga kl. 20:00: Almenn samkoma
Laugardaga kl. 20:30: Samkoma fyrir ungt fólk

Krossinn, Hlíðasmára 5-7, 201 Kópavogur
Sími: 554-3377 www.krossinn.is